

FÖSTUDAGSMOLINN

www.grunnskoli.hunathing.is

Framundan

Mánudagur 25. september

Matseðill: Fiskibollur, kartöflur, karrýgrjón, salat og grænmeti.

- Morgunsöngur kl. 8:20

Þriðjudagur 26. september - Evrópski tungumáladagurinn

Matseðill: Hakk (nautakjöt og lamb) með pasta, salat og grænmeti.

- Miðstig í haustferð

Miðvikudagur 27. september

Matseðill: Soðinn fiskur (ýsa), kartöflur, brætt smjör, rúgbrauð, salat og grænmeti.

Fimmtudagur 28. september

Matseðill: Hamborgarar(nauta), franskar, sósur og grænmeti.

- Kóræfing í hádeginu
- Heimanám kl 14:20-15:00, nánari upplýsingar á heimasíðu.

Föstudagur 29. september

Matseðill: Hakksúpa (nautakjöt og lamb), brauð, nachos og sýrður rjómi.



Langar þig að vita allt um Hreyfivikuna? Þá skaltu ýta hér!



Við skorum á ALLA að vera með!!!!



Á Umhverfisdeginum tókst okkur að safna saman 50 kílóum af rusli. Var það frábær árangur. 3.-4. bekkur hafði þó ekki fengið nóg af tiltektinni og tóku þau sig til undir styrkri verkstjórn Magnúsar og Malinar og þrifu upp grjót og malbiksafganga sem voru okkur til ama á skólalóðinni eftir framkvæmdir síðustu vikna.

TAKK FYRIR KRAKKAR - ÞIÐ ERUÐ FRÁBÆRI!



Opnunartímar í vetur:

5.-7. bekkur: Þriðjudaga kl. 16:00-18:00
8.-10. bekkur: Þriðju- og fimmtudaga kl.
19:00-21:00

Starfsmenn Órion í vetur verða
Jóhann Smári Reynisson og Jóhann
Örn Finnson.

Fyrstu opnunardagarnir verða nýttir
til að skipuleggja starfið í vetur, velja í
kjúklingaráð, búa til dagskrá o.þ.h.

Skipulagt starf með dagskrá hefst
síðan í október og verður birt á
heimasíðu Húnaþings og
[Facebook síðu Órion.](#)



Sýnishorn frá valgreinum á

unglingastigi

Við leggjum metnað í að bjóða upp á fjölbreyttar og spennandi valgreinar fyrir nemendur. Núna er verið að kenna í fyrsta sinn valið Eldað úti með Berglinni og svo er Raket Sunna snyrtifræðingur að gera frábæra hluti í Snyrtifræðinni.



Hér eru nemendur Eldað úti að grilla muffins í appelsínuförum.

Nemendur í Snyrtifræði bjuggu til maska og svo fékk sérvalið starfsfólk dekur frá Raket Sunnu sem sýndi nemendum mismunandi gerðir maska. Aðstoðarskólástjóri fékk maska sem haldi bæði augu og munn. Einhverjir höfðu á orði að það hefði verið kærkomin þögn sem fylgdi því.

LOL

